



Erindisbréf

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla.

Hafnarfjarðarbær og Hestamannafélagið Sörli (Sörli) „aðilar“ hafa gert samkomulag um

uppbyggingu reiðhallar og félagsaðstöðu á athafnasvæði Sörla í samræmi við

lokaskýrslu sem starfshópur um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla skilaði til

bæjarráðs 27. febrúar 2020.

I) Hlutverk:

Framkvæmdanefndin skal vinna eftir samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Sörla um

uppbyggingu reiðhallar og félagsaðstöðu á athafnasvæði Sörla og fullkanna allar

tölulegar staðreyndir og kostnað vegna framkvæmdarinnar.

1. Fyrir framkvæmdanefndinni liggur áður samþykkt kostnaðarskipting milli aðila og vinnur framkvæmdanefndin á grundvelli þeirrar kostnaðarskiptingar, þ.e. Hafnarfjarðarbær 85% og Hestamannafélagið Sörli 15%.

2. Nefndin skal koma að lokahönnun, undirbúningi og síðan framkvæmdum verksins ásamt eftirliti með framkvæmdum í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.

3. Nefndin skal undirbúa gerð rekstrar- og þjónustusamninga um afnot, viðhald og fleiri þætti sem snúa að samstarfi milli aðila.

II) Skipulag:

Framkvæmdanefndin skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Nefndin skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf nefndarinnar.

Framkvæmdanefndin starfar í umboði bæjarráðs.

III) Skipan hópsins:

Helga Ingólfssdóttir formaður, Bjarney G. Jóhannesdóttir og Stefán Már Gunnlaugsson skipuð af bæjarráði

Atli Már Ingólfsson og Halldóra Einarsdóttir skipuð af Sörla

Með hópnum starfa: Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sviðsstjóri fjármálasviðs, íþróttá- og tómstundafulltrúi og framkvæmdarstjóri Hestamannafélaginu Sörla.

Erindisbréf þetta er samþykkt í bæjarráði xxx 2022